

Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

30. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki haldinn miðvikudaginn 2. september 2020 í Teams fjarfundi.

Mætt frá byggingarnefnd: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Tómas Ellert Tómasson, Hrund Harðardóttir, Helga Sighvatsdóttir og Magnús Gíslaon. Frá hönnuðum: Ólafur Þ. Hersisson. Frá Eflu: Kári Sveinbjörn Gunnarsson. Emættismenn: Eiríkur Steinn Búason og Ragnar Ómarsson frá Verkís. Frá Árborg Atli Marel Vokes, Sigurður Ólafsson, Óðinn K. Andersen, Birgir Edwald, Bragi Bjarnason og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð.

1. Eiríkur Steinn fór yfir meginefni fundarins.
2. Fyrirhugað jarðvinnuútboð og umfang þess. Stofna þarf skólann á lóðinni. Það kallar á endurskoðun á umfangi útboðsins. Rætt eru þann möguleika að tímabundni skólinn verði byggður þannig að byggingin (hér nefnd snjallbyggingin) verði framtíðar-leikskólinn á lóðinni. Jarðvinnuútboðið verður auglýst laugardaginn 12. september nk. Unnið er með hönnuðum út af snjallbyggingarinnar.
3. Skoðun íþróttanefndarinnar v/íþróttahússins og möguleika á stækkun þess. Þurfum að lenda endanlegri staðsetningu á snjallbyggingunni. Lagt til að færa snjallbyggingu til út að byggingarreit en þó gætt að því að varðveita skólalóðina.
4. Mannvirkja og umhverfisvið sem leiðir vinnu vegna bráðabirgðalausna upplýsir byggingarnefnd um hugmyndavinnu og stöðu mála.
5. Sérgreinarými, eldhús, smíðastofa, frístund o.fl. rými – farið yfir niðurstöður af fundum með faghópum rýmanna og umræða um helstu atriði fundanna. Taka þarf afstöðu til vélarýmis í smíðastofu. Nefndin sammála um að hafa aðstöðuna sambærilega og í hinum grunnskólunum í sveitarfélaginu og taka fullt tillit til ábendinga faghópanna. Lagt til að færa gaflinn út um 1-2 m til að nálgast 10-20m² sem myndi hjálpa mikið. Samþykkt. Aðstaða kennara og móttökufulltrúa. Óskað eftir að hönnuðir endurskipuleggi aðeins svæðið er snýr m.a. að staðsetningu móttökufulltrúa í samræmi við ábendingar faghópsins. Hönnuðum falið að vinna skipulagið á eldhúsinu áfram með faghópnum sem hefur komið með góðar ábendingar. Umræða um heimilsfræðistofuna og hvort sýnielldhús eigi að vera þar. Samþykkt að taka umferð tvö með faghópum.
6. Staða hönnunar er góð og vinnan hefur gengið mjög vel. Samtalið hefur einnig gengið vel. Framvinda hönnunar er háð því að svör og niðurstöður frá faghópum liggi fyrir sem allra fyrst.

Fundi slitið kl. 16:10.

